Alþingi
Erindi nr. Þ 130/180
komudagur 19.11.2003

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Tjarnargata 4, 101 Reykjavík
Sími 563 8300 • Fax 563 8350

Reykjavík 17. nóvember 2003.

Alþingi,
b. t. Allsherjarnefndar Alþingis,
101 Reykjavík.

Með bréfi dags. 29. október sl. er óskað umsagnar um frumvarp til laga um talnagetraunir, 141. mál. Af hálfu Happdrættis Háskóla Íslands eru engar athugasemdir gerðar við frumvarpið.

F. h. Happdrættis Háskóla Íslands,

Brynjólfur Sigurðsson
Brynjólfur Sigurðsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/181
komudagur 19.11.2003

HAPPDRÆTTI

SÍÐUMÚLA 6 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 552-2150 • FAX 562-9150 • NETFANG: sibs@sibs.is

Reykjavík, 17.11.2003

Allsherjarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn frá Happdrætti SÍBS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um talnagetraunir nr. 26. 2. maí, 1986.

Forsvarsmenn Happdrættis SÍBS gera engar athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Eðlilegt er að starfsleyfi slíkra fyrirtækja sé til allmargra ára í senn, svo hægt sé að gera viðskiptaáætlanir fram í tímann og endurnýja tækja- og tölvubúnað.

Þá er vakin athygli á því að rekstrarumhverfi þessa happdrættis er i samræmi við nútíma starfshætti og vinningar greiddir út í peningum án skilyrða, ólíkt því sem gerist í því happdrætti sem við rekum.

Virðingarfyllst,
F.h. Happdrættis SÍBS

Pétur Bjarnason
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/114
komudagur 13.11.2003

Íslensk Getspá
Í þágu íþrótta, ungmenna og öryrkja

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Íslensk getspá
Engjavegi 6
104 Reykjavík

Reykjavík, 10. nóvember 2003

Umsögn: Þskj. 141 – 141. mál. Vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um talnagetraunir, nr. 26, 2. maí 1986.

Íslensk getspá styður heilshugar frumvarp til laga um talnagetraunir, 141. mál, framlenging rekstrarleyfis.

Starfsemi Íslenskrar getspár er afar mikilvæg fyrir eigendur þess Íþrótta- og ólympíusamband Íslands, Öryrkjabandalag Íslands og Ungmennafélag Íslands. Ágóðanum er varið til eflingar á íþrótta- og ungmennastarfsemi í landinu og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja og/eða til þess að standa undir annarri starfsemi Öryrkjabandalagsins í þágu öryrkja.

Íslensk getspá er nú á ákveðnum tímamótum þar sem kominn er tími á að endurnýja tæknibúnað félagsins sem samanstendur af 240 lottókössum sem eru beinlínutengdir við tölvumiðstöð Íslenskrar getspár. Sá búnaður sem er í notkun í dag er kominn til ára sinna og afar mikilvægt að hann sé endurnýjaður til þess að eðlileg framþróun eigi sér stað og til að viðhalda því rekstraröryggi sem nauðsynlegt er að fylgi rekstri fyrirtækisins.

Það er því afar mikilvægt fyrir Íslenska getspá að sjá að starfsemi fyrirtækisins sé tryggð til framtíðar.

Það er von okkar hjá Íslenskri getspá að frumvarpið nái fram að ganga og eru undirritaðir fúsir til þess að veita allar nánari upplýsingar ef með þarf.

Virðingarfyllst,

Sigurbjörn Gunnarsson
stjórnarformaður

Bergsveinn Sampsted
framkvæmdastjóri

ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6 • 104 Reykjavík • Sími: 580 2500 • Fax: 580 2501

ÍSÍ ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS
THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND
Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík,
Sími/Tel. +354 514 4000, Fax +354 514 4001, isi@isisport.is, www.isisport.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/115
komudagur 13.11.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 7.nóvember 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um talnagetraunir, 141. mál

Framkvæmdastjórn Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands mælir með samþykkt frumvarpsins.

virðingarfyllst,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Ellert B Schram
forseti

Stefán Konráðsson
framkvæmdastjóri

ÓLYMPÍUFJÖLSKYLDAN
SJÓVÁ ALMENNAR AUSTURBAKKI VISA ÍSLANDSBANKI ICELANDAIR

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/146
komudagur 18.11.2003

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS

FELLSMÚLA 26 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI +354 568 2929 • FAX +354 568 2935
umfi@umfi.is • www.umfi.is

Reykjavík, 17. nóvember 2003

Allsherjarnefnd Alþingis

Erindi varðandi frumvarp til laga um talnagetraunir

Fyrir hönd Ungmennafélags Íslands vill undirritaður lýsa ánægju með frumvarp til laga um talnagetraunir, 141. mál, sem fjallar um framlengingu á rekstrarleyfi. Engar efnislegar athugasemdir eru gerðar við frumvarpið.

Það er mjög mikilvægt að Ungmennafélag Íslands hafi fasta tekjustofna til að standa straum af viðamiklu og fjölbreyttu starfi, sem felst í æ ríkara mæli í forvörnum hjá ungu fólki. Það er því von okkar hjá UMFÍ að frumvarpið nái fram að ganga og verði samþykkt sem lög frá Alþingi á yfirstandandi þingi.

Fyrir hönd Ungmennafélags Íslands.

Björn B. Jónsson
formaður

24. LANDSMÓT UMFÍ
SAUÐÁRKRÓKI
2004

LEIÐTOGA SKÓLINN

ÖBÍ
Öryrkjabandalag Íslands
Hátúni 10, 105 Reykjavík
Sími: 530 6700, Myndsími: 530 6701
Netfang: obi@obi.is, Vefsíða: www.obi.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/182
komudagur 19.11.2003

Reykjavík, 18. nóvember 2003.

Nefndasvið Alþingis,
Allsherjarnefnd,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um talnagetraunir, 141. mál, framlenging rekstrarleyfis.**

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um talnagetraunir, 141. mál, framlenging rekstrarleyfis.

Öryrkjabandalag Íslands fagnar því að frumvarp þetta skuli lagt fram á Alþingi. Bandalagið átti á sínum tíma frumkvæði að því að kanna þá nýju tækni sem fólst í starfsemi lottófyrirtækja. Eins og Alþingi er kunnugt er hér um að ræða einu tekjulind Öryrkjabandalags Íslands, sem hefur með höndum víðtæka og afar fjölþætta starfsemi, bæði í samstarfi við ríkisvaldið og aðrar stofnanir samfélagsins. Í bandalaginu eru nú 29 landssamtök með samanlagt vel yfir 20 þúsund félagsmenn, og rennur umtalsverður hluti lottóteknanna beint til þeirrar starfsemi sem þau standa fyrir. Meginhluti þessara tekna rennur engu að síður til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis handa öryrkjum. Um þessar mundir eru íbúðir í eigu Hússjóðs Öryrkjabandalagsins 603 og dreifast þær um landið allt. Bandalagið vekur athygli á að samstarf þess við stjórnvöld um úrbætur í húsnæðismálum fatlaðra hefur verið mjög farsælt. Er þess vænst að þessu mikilvæga samstarfi verði fram haldið á næstu árum.

Öryrkjabandalag Íslands fagnar þeim góða skilningi sem endurspeglast í efni frumvarpsins og mælir með samþykkt þess.

Fyrir hönd Öryrkjabandalags Íslands,

Garðar Sverrisson

Garðar Sverrisson, formaður.